

Föstudaginn 3. október 1997.

Nr. 392/1997.

Skúli Einarsson

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

gegn

Halldóri S. Guðjónssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Aðfararorð. Vitni. Aðildarskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. september 1997, en hann gekk í máli, sem sóknaraðili rekur samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför á hendur varnaraðila til ógildingar á fjárnámi. Með úrskurðinum var hrundið kröfu sóknaraðila um, að sér yrði heimilað að leiða fyrir dóm í málinu þrjú nafngreind vitni, svo og, að varnaraðila yrði gert að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu, en hins vegar tekin til greina krafa sóknaraðila um, að sér yrði heimilað að gefa aðilaskýrslu fyrir dómi. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að heimilaðar verði skýrslutökur af umræddum vitnum og af varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Skúli Einarsson, greiði varnaraðila, Halldóri S. Guðjónssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. september 1997.

Mál þetta er rekið sem ágreiningsmál vegna aðfarar samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989. Í 94. gr. laganna kemur fram, að um málsmeðferð fyrir héraðsdómi í slíkum málum gildi m. a. fyrirmæli 1. mgr. 90. gr. laganna, en þar er kveðið á um, að vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skuli að jafnaði ekki fara fram í málum samkvæmt 13. kafla.

Mál þetta snýst um greiðsluskyldu á víxli. Fallist er á með varnaraðila, að málatilbúnaður aðila og yfirlýsingar lögmanna þeirra í ágreiningsmáli þessu gefi ekki tilefni til að víkja frá þeirri meginreglu, sem fyrrnefnt ákvæði aðfararlaga hefur að geyma. Þykir því rétt að synja kröfu sóknaraðila um, að vitni komi fyrir dóm í máli þessu.

Um þá kröfu sóknaraðila, að aðilar málsins gefi skýrslu, gegnir öðru máli, þar sem ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/1989 taka ekki til aðilaskýrslna, og verður því að skera úr þeim ágreiningi eftir lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. niðurlag 94. gr. laga nr. 90/1989. Þar sem ekki þykir alveg ljóst, að aðilaskýrsla sóknaraðila sé þarflaus eða tilgangslaus, þykir rétt að heimila sóknaraðila að gefa skýrslu fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991.

Ekki þykir hins vegar rétt að verða við þeirri kröfu sóknaraðila, að dómari kveðji varnaraðila fyrir dóm til að gefa skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991, enda hefur ekki sérstaklega verið bent á, um hvaða atriði honum er ætlað að svara spurningum. Þykir sýnilegt, að skýrsla varnaraðila verði tilgangslaus.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila um, að þeir Gunnlaugur Pálmason, Guðmundur Sveinsson og Bogi Magnússon gefi vitnaskýrslur í málinu.

Hafnað er kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili, Halldór S. Guðjónsson, verði kvaddur fyrir dóm til að gefa aðilaskýrslu.

Fallist er á kröfu sóknaraðila um, að hann gefi aðilaskýrslu fyrir dómi í málinu.